



Íþróttá-, tómsunda- og sundkurt Reykholahrepps

Meginmarkmið íþróttá- og tómsundakurtsins er að gefa öllum börnum og unglíngum í Reykholahreppi aukna möguleika á að taka þátt í uppbyggilegu starfi íþróttafélaga, tónskóla og annarra sem standa fyrir íþróttá- og tómsundastarfi. Með kortinu má þannig greiða fyrir skipulagða íþróttá-, lista- og tómsundastarfsemi.

Árið 2020 mun sveitarfélagið að auki veita endurgreiðslu á keyptum árskortum í Grettislaug til allra íbúa með lögheimili í sveitarfélaginu, óháð aldri. Þetta er liður í heilsueflingu fyrir íbúa sveitarfélagsins og geta ungir sem aldnir nýtt sér þennan styrk.

Íþróttá- og tómsundakurt barna:

- Kortið er í reynd 15.000 kr. styrkur til íþróttá- og tómsundaiðkunar í sveitarfélaginu. Ekki er gefið út sérstakt kort sem styrkþegi fær í hendur.
- Skilyrði fyrir veitingu styrksins er að iðkendur eigi lögheimili í Reykholahreppi.
- Skilyrði er að styrkþegi sé á aldrinum 5-17 ára, miðað við fæðingarár.
- Lögð er áhersla á að um skipulagt starf eða kennslu sé að ræða, sem stundað er undir leiðsögn þjálfara, kennara eða leiðbeinanda. Þetta á t.d. við um starfsemi viðurkenndra íþróttá- og æskulýðsfélaga, nám við tónlistarskóla o.fl.
- Ráðstafa má þessari fjárhæð til fleiri en einnar greinar á hverju tímabili. Eftirstöðvar íþróttá- og tómsundakurts, ef einhverjar eru, er ekki heimilt að færa milli ára og falla þær niður í lok hvers árs.
- Ekki er mögulegt að greiða fyrir sérstakan viðbótarkostnað, svo sem tæki og búnað, fatnað, ferðakostnað o.þ.h.

Sundkurt fyrir alla íbúa, óháð aldri:

- Sem lið í heilsueflingu, endurgreiðir Reykholahreppur árskort sem keypt eru Grettislaug.
- Skilyrði fyrir veitingu styrksins er að iðkendur eigi lögheimili í Reykholahreppi.
- Upphæðin sem fæst endurgreidd fyrir sundkurt barna á aldrinum 6-17 ára bætist ofan á íþróttá- og tómsundakort.
- Athugið að ekki eru endurgreiddar stakar ferðir í sund eða tímakort sundlaugarinnar.

Ferli varðandi greiðslur styrkja:

- Foreldrar og forráðamenn skrá barn á námskeið hjá félagi sem fellur undir reglur um íþróttá- og tómsundakort eða kaupa sundkurt í Grettislaug.
- Foreldrar greiða fyrir viðkomandi námskeið eða sundkurt og fá afhenta kvittun, sem fara þarf með á skrifstofu sveitarfélagsins að Maríutröð 5a, þar sem sótt er um styrkinn. Umsækjandi gefur þar upp bankareikning sem síðan er greitt inn á þegar umsókn um styrk hefur verið staðfest.